


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ENS 212	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun, Vorönn 2014	

Kennari	Anna Berglind Pálmadóttir Guðjón Ólafsson	Sk.st.	ABP, GÓL
----------------	--	---------------	----------

Áfangalýsing:

Lestur: Að nemandinn geti lesið þyngri texta en í fyrri áföngum (ENS 102/202), geti beitt mismunandi lestraraðferðum og sé fær um að notfæra sér mismunandi hjálpargögn við lestur.

Hlustun: Geti skilið einfalt, ótextað sjónvarpsefni, myndefni, margmiðlunarefni, útvarpsefni o.s.frv., geti fylgst með og skilið megininntak orðræðu þegar fjallað er um nokkuð sérhæft efni sem hann þekkir og tengist þeim efnisflokkum sem fjallað er um í kennslustundum sem og grunnþáttum *Aðalnámsskrár*, þ.á.m. sjálfbærni, jafnrétti, heilbrigði og velferð.

Tal: Geti tjáð sig við algengustu aðstæður í daglegu lífi, geti talað með eðlilegum hraða, geti gefið til kynna virka hlustun með viðeigandi smáorðum eða upphrópunum og geti notað hikorð og nýjan orðaforða sem unnið hefur verið með í efnisflokkum áfangans í nýju samhengi til að tjá eigin hugsun, skoðanir o.s.frv.

Ritun: Geti tjáð sig skriflega á skipulegan hátt og í nokkuð löngu máli (40-60 línur eða lengra), hafi náð tökum á grundvallaratriðum í ritgerðasmíð (upphaf, miðja, endir, röksemdafærsla, skipting í efnisgreinar), geti nýtt orðabækur.

Lögð er aukin áhersla á sköpun þar sem nemendur vinna sameiginlega að fjölbreyttum verkefnum.

Markmið: að nemendur


- geti aflað sér hagnýts orðaforða og styrki málfræðikunnáttu.
- geti tjáð sig á ensku, bæði í talmáli og skriflega.
- geti skilið enskt talmál og hlustunarefni nokkuð óhikað.
- geti unnið saman í hópum og komist á lýðræðislegan hátt að sameiginlegri niðurstöðu.

Námsgögn:

- *Echoes of English - ENS 212, vorönn 2014*. Hefti sem fæst á skrifstofu VMA.
- *Boys Don't Cry* eftir Malorie Blackman. Corgi Books, 2011.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
Vikur 2 - 5 8.-31.jan.	<i>Echoes of English</i> : Kaflar 1 og 2 <i>Boys Don't Cry</i> : Byrjað að lesa bókina og vinna hópverkefni. Málfræði : Tilvísunarsetningar (relative clauses)	Hópverkefni úr skáldsögu.
Vikur 6 - 9 3.-28.feb.	<i>Echoes of English</i> : Kaflar 3 og 4 <i>Boys Don't Cry</i> : Klárað að vinna með bókina.	Hópverkefni úr skáldsögu. Flutt í tímum og skilað til kennara. Kaflapróf úr EoE köflum 1-3 Mannréttindi - Ritunarverkefni og kynning. Book Report úr <i>Boys Don't Cry</i>

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	ENS 212	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun, Vorönn 2014	

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
Vikur 10 - 13 3.-28. mars	Echoes of English: Kaflar 5, 6 og 7 Málfræði: Germynd og þolmynd (active and passive) -- Skilyrðissetningar (conditional sentences)	Hópverkefni – auglýsing og kynning
Vikur 14 - 18 31. mars - 2. maí	Echoes of English: Kaflar 8 og 9	Kaflapróf úr EoE köflum 4-7 Hlustunarpróf

Verkefni / Námsmat og vægi námsþátta:

Lýsing	Vægi
Kaflapróf (2 próf, 6% hvort)	12%
Mannréttindi – hópverkefni (ritunarverkefni og kynning)	10%
Jafnrétti – hópverkefni (auglýsing og kynning)	8%
Hópverkefni unnin í tímum úr <i>Boys Don't Cry</i> (5%) og Book Report úr <i>Boys Don't Cry</i> (10%)	15%
Hlustunarpróf	5%
Lokapróf	50%

Nemendum **ber að skila öllum verkefnum** sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um varðandi mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn ná einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

Verði nemandi uppvís af ritstuldi við samningu ritgerðar eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðar brottvikningu úr áfanganum.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 4. janúar 2014

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils